

Skipulags- og byggingarfulltrúi Hörgársveitar
Vigfús Björnsson
Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi
601 Akureyri

Reykjavík 16. mars 2020
UST202003-134/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing á deiliskipulagi fyrir Gásaleyri í Hörgársveit

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Hörgársveitar er barst 6. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á deiliskipulagi fyrir Gásaleyri í Hörgársveit.

Í greinargerð kemur fram að tilgangur skipulagsins er að m.a. setja fram stefnu um framtíðaruppgöggingu á svæðinu, stuðla að verndun og varðveislu minja. Auk þess kemur fram að helstu viðfangsefni skipulagsins sé að skilgreina bílastæði, stíga, uppbyggingu miðaldabúða og bryggju, afmörkun minja- og afþreyingarsvæðis ásamt staðsetningu byggingareita fyrir geymslu, tilgátukirkju og miðasölu.

Votlendi

Umhverfisstofnun bendir á að tjörnin og sjávarfitjarnar á skipulagssvæðinu falla undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á það fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendinu þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Forsendur og ferðamenn

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í forsendum tillögunnar hver sé áætlaður fjöldi ferðamanna sem mun heimsækja svæðið sem hér er til umfjöllunar. Með þeim forsendum væri hægt að rökstyðja umfang tillögunnar, stærð bílastæðis, þjónustubyggingar og áningarástaða, og umfang göngustíga.

Fráveita


Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999.

Ásýnd og rask

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að svipmóti og einkenni lands eins og kostur er. Í umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landskipulagstefnu segir að mikilvægt er að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifbýli og hvernig þau falla að umhverfi sínu. Einstök mannvirki geta orðið áberandi í landi því oft sést vítt yfir til sveita.

Virðingarfyllst

Axel Benediktsson
sérfræðingur



Björn Stefánsson
sérfræðingur